

# Átjándi fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

## Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 27. apríl 2016 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS  
Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG  
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar  
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Ársreikningur 2015

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir endurskoðaðan ársreikning síðasta árs. Tap varð af rekstri setursins á síðasta ári og var farið yfir ástæður þess sem eru meðal annars launahækkunir, aukinn rafmagns- og hitaveitukostnaður, færri styrkir og lægri leigutekjur en gert hafði verið ráð fyrir. Í ár er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu en Lilja lagði til að stjórn tæki stöðuna á rekstrinum á hverjum stjórnarfundum. Aukinn hitaveitu- og rafmagnskostnaður var ræddur og mun forstöðumaður kanna möguleika á afslætti. Lilja fór auk þess yfir ábendingar til bókara í bréfi til stjórnenda og mun forstöðumaður leggja það fyrir bókara. Stjórn samþykkti ársreikninginn einróma.

#### 2. Önnur mál

Engin önnur mál. Fundi var slitið kl. 15:50.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Björk Guðjónsdóttir -SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN

---

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

---

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN